

að átelja afsalsgjörninginn 17. apríl 1914 milli hinna stefndu. Það ber því að sýkna þá af kröfum áfrýjanda í þessu máli. Og með því að niðurstaðan þannig verður hin sama og í aukaréttardómnum og yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði hans, má staðfesta nefndan dóm.

Málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda eftir þessum úrslitum að greiða hinum stefndu og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Björn Lindal fyrir hönd Ólafs Tryggvasonar greiði stefndu Árna Jónatanssyni og Valgeiri Árnasyni 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 1. júlí 1918.

Nr. 92/1917.

Páll Magnússon, Runólfur
Stefánsson og Sigurður
Jónsson
gegn
Guðmundi Kristjánssyni
Péttri P. J. Gunnarssyni og
Þórði Guðmundssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var í undirrétti rekið sem aðalmál og gagnmál. Aðalmálið höfðuðú hinir stefndu Guðmundur B. Kristjánsson skipstjóri, Pétur P. J. Gunnarsson kaupmaður og Þórður Guðmundsson sjómaður, allir til heimilis í Reykjavík, fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn áfrýjendunum Páli Magnússyni járnsmið, Runólfi Stefánssyni skipstjóra og Sigurði Jónssyni stein-smið, öllum til heimilis í Reykjavík, til þess að fá þá dæmda til að greiða þeim 10131 kr. ásamt 6% ársvöxtum frá 19. okt. 1916 og málskostnaði, en áfrýjendurnir höfðuðú gagnsök fyrir gestaréttinum, kröfðust sýknunar í aðalsök og í gagnsökinni að stefndu yrðu dæmdir til að greiða þeim 5597 kr. með 6% ársvöxtum frá 1. desbr. 1916. Svo kröfðust þeir málskostnaðar í aðalsök og gagnsök.

Málum þessum lauk svo með dómi gestaréttarins uppkveðnum 18. ág. f. á., að áfrýjendurnir voru dæmdir til þess, einn fyrir alla og allir fyrir einn, að greiða stefndu 2480 kr. 50 a. með 6% ársvöxtum frá 19. okt. 1916 til greiðsludags, en málskostnaður var látinn falla niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Dómi þessum hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 12 nóv. f. á. og krafist þess að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að stefndu verði dæmdir til að greiða þeim 5597 kr. með 6% ársvöxtum frá 1. febr. 1917 til greiðsludags og málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndu hafa frá sinni hálfu gagnáfrýjað málinu

með stefnu dags. 28. jan. þ. á. og krafist þess í aðal-
málinu að verða sýknaðir af öllum kröfum áfrýjenda,
og í gagnsökinni að áfrýjendur verði dæmdir til að
greiða þeim 10131 kr. að frádregnum 135 kr. með
6% ársvöxtum frá 19. okt. 1916 til greiðsludags og
málskostnað að skaðlausu eða eftir réttarins mati fyrir
báðum réttum bæði í aðalsök og gagnsök. Til vara
krefjast þeir að gestaréttardómurinn verði staðfestur
og þeim dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 11. apríl
1916 gjörðu áfrýjendur og stefndu þann samning milli
sín, að áfrýjendur skuldbundu sig til að veita mót-
töku og kaupa allan sildarafla af mótorbát, c. 30
tonn að stærð, sem stefndu ætluðu að halda úti frá
Siglufirði um sumarið; móttaka sildarinnar átti að
fara fram eftir tilvísun áfrýjenda við skipshlið eða
við bryggju á Siglufirði, þar sem báturinn flyti vel
að, og skyldi byrjun afgreiðslu bátsins aldrei dragast
lengur en 2 stundir á venjulegum vinnu- og afgreiðslu-
tíma; fyrir hvert löglegt eða venjulegt mál af sölt-
unarhæfri sild eftir úrskurði matsmanns við móttöku
sildarinnar skyldu áfrýjendur greiða 15—16 kr., en
úrgangssild eftir gangverði. Hins vegar skuldbundu
stefndu sig til þess, að selja áfrýjendum allan þann
sildarafla, er veiddist á bátinn. Í samningnum var
meðal annars ákveðið að stefndu skyldu lausir við
ábyrgð og kröfur af hendi áfrýjenda, ef slys eða tjón
á bátnum eða önnur óviðráðanleg atvik kæmu í veg
fyrir sildveiðina og að seljendur (stefndu) skyldu enga
kröfu hafa á kaupendur (áfrýjendur) um sildar kaupin
→verði útflutningsbann á sild eða aðflutningsbann á

sildartunnum og salti«. Í samningnum var enn fremur ákveðið að áfrýjendur skyldu selja stefndu í hendur tryggingu Landsbankans fyrir 10000 kr., sem stefndu gætu gengið að eftir ákveðinn tíma, og skyldi upphæð þessi ganga upp í kaupverð sildarinnar meðan til hrykki, en næmi kaupverð hinnar aðfluttu sildar ekki þessari upphæð skyldu stefndu skila því aftur, sem umfram væri. — Í viðbót við þennan samning gjörðu aðilar annan samning 13. júlí s. á. um kaup eða leigu á 2 nótabátum og nót fyrir 6000 kr. ef kaup yrðu, en 3000 kr. ef leiga væri. Kemur aðilum saman um að kaup hafi farið fram, og voru stefndu kaupendur, en um andvirðið var svo um samið, að það skyldi greitt um leið og reikningsskil yrðu gjörð um sildina.

Með mótorbátnum »Hurry« sem stefndu höfðu keypt, hófu þeir svo sildveiðina, og keyptu áfrýjendur allan aflann og gekk svo til 2. ágústmán. og höfðu þeir þá, eftir þeirra eigin skýrslu, keypt 691 mál, en þann dag sögðu þeir samningnum upp, og kváðust ekki geta tekið á móti sildinni framvegis, en buðust jafnframt til að greiða fyrir sölu hennar. Var það gefið upp sem ástæða fyrir uppsögninni í símskeyti, sem áfrýjendur sendu stefndu, að skip það, sem flytja átti tunnur og salt til þeirra, hefði farið á grunn og þeir þess vegna eigi fengið tunnur og salt. Þessu svörðu stefndu með símskeyti samdægurs og neituðu að taka uppsögnuna gilda, og kváðust mundu ráðstafa sildinni framvegis á ábyrgð áfrýjenda og fyrir þeirra reikning, eftir því sem þeir gætu bezt. Eftir þetta seldu stefndu afla bátsins öðrum, Bro-

bakke og Söbstad sildar kaupmönnum á Siglufirði, og voru það 950 $\frac{1}{2}$ mál sildar. Í byrjun septembermána. fengu áfrýjendur tunnur og salt, og tóku á ný við afla mótorskipsins »Hurry«, en það voru að eins 24 mál, með því að sildveiði var þá úti.

Út af þessum viðskiftum gerðu stefndu svo upp reikning sinn, að þeir töldu áfrýjendur skulda sér 10131 kr. Áfrýjendur mótmæltu því hins vegar að þeir skulduðu stefndu nokkuð, og töldu þvert á móti til skuldar hjá þeim að upphæð 5597 kr.

Stefndu halda því fram að uppsögn samningsins hafi verið ólögmet, með því að áfrýjendur hafi að eins getað léyst sig frá samningnum um sildar kaupin, ef útflutningsbann hefði verið sett á sild eða aðflutningsbann á sildartunnur og salt, en hvorugu þessu sé hér til að dreifa. Enn fremur telja þeir að áfrýjendur hafi brotið samninginn með seinni afgreiðslu skipsins við móttöku sildarinnar, en samningurinn kveður á um. Samkvæmt þessu gerðu stefndu upp reikning sinn þannig að þeir reikna áfrýjendum alla sild, er »Hurry« aflaði yfir sildveiðitímann

1665 $\frac{1}{2}$ mál á 16 kr.	kr. 26648 00
og áætlað aflatjón fyrir tafir skipsins, 300 mál á 16 kr.	— 4800 00
	Alls <u>kr. 31448 00</u>

Upp í þetta telja þeir greitt:

1. Frá Landsbankanum	kr. 10000 00	
2. Andvirði fyrir 2 báta og nót	— 6000 00	
Flyt	kr. 16000 00	kr. 31448 00

	Fluttar	kr. 16000 00	kr. 31448 00
3. Seld sild fyrir reikning áfrýjenda 950 $\frac{1}{2}$ mál	—	5317 00	— 21317 00
			<hr/>
	Mismunur	kr. 10131 00	

sem var dómkrafa stefndu í undirrétti.

Gagnvart þessum reikningi halda áfrýjendur því fram, að verð fyrir hvert mál af sild eigi að reiknast 15 kr., að sild sú, sem var seld Brobakke og Söbstað sé þeim óviðkomandi, og því ekki heimild til að færa þeim til gjalda mismuninn á söluverði þessarar sildar og sildarverðsins eins og það var ákveðið í samningnum, en til vara halda þeir því fram að umrædd sild hafi ekki verið söltunarhæf og hafi verið seld sem bræðslusild, enda hafi enginn matsmaður verið kallaður til, eins og ákveðið hafi verið í samningnum, utan einu sinni og í það skifti hafi sildin verið úrskurðuð ósöltunarhæf úrgangssild. Enn fremur halda áfrýjendur því fram að söluverð sildarinnar sem úrgangssildar hafi verið oflágt, með því að slíka sild hafi mátt selja fyrir 8 kr. málið. Loks mót-mæla áfrýjendur kröfu stefndu um skaðabætur fyrir tölfr. skipsins sem gjörsamlega rangri. Gera þeir upp reikninginn á þá leið að stefndu hafi fengið:

1. Frá Landsbankanum	kr. 10000 00
2. Andvirði 2 báta og nótar	— 6000 00
3. Vextir af nefndu söluverði	— 137 00
4. Provision til Landsb. af 10000 kr.	— 50 00
5. Salt 9 tn. á 15 kr.	— 135 00

Flyt samtals kr. 16322 00

Fluttar kr. 16322 00

Þar upp í móttakið:

Síld áður en samningun-
um var sagt upp 691 mál
á 15 kr.

kr. 10135 00

Síld eftir að tunnuskipið
kom 24 mál á 15 kr.

— 360 00 — 10725 00

 Mismunur kr. 5597 00

sem var dómkrafa áfrýjenda í héraði.

Þessa reikningsuppgærd telja stefndu ranga, sér-
staklega mótmæla þeir því að þeim beri að greiða
vexti af kaupverði báta og nótar 137 kr. og provi-
sion til Landsbankans 50 kr. Á þetta verður að fall-
ast, með því að andvirði bátanna átti samkvæmt
samningnum ekki að greiðast fyr en við reiknings-
skil, og provisiónina til Landsbankans verða áfrýj-
endur sjálfir að bera, þar sem ekki var sjerstaklega
umsamið að stefndu ættu að greiða hana. Hins veg-
ar hafa stefndu kannast við að þeim beri að greiða
andvirðið fyrir saltið 135 kr.

Aðalatriðið í máli þessu er það, hvort áfrýjendur
hafa haft heimild til að segja samningnum upp. Sem
ástæðu fyrir uppsögninni færðu áfrýjendur upphaf-
lega það, að skip það, er átti að flytja þeim tunnur
og salt, hefði farið á grunn og orðið þess vegna að
fara í þurkvi til viðgerðar og tafist þess vegna. Stefndu
mótmæltu þegar þessari ástæðu sem ógildri. Það er
nú ekki upplýst hvenær eða hve lengi skipið tafðist
við þetta, enda virðist það ekki skifta máli, því gegn
hinum skýru orðum samningsins getur þessi upp-
sagnarástæða ekki tekist til greina. Þá halda áfrýj-

endur því fram, að Englendingar hafi tafið skipið, er það loks var á leið hingað með tunnurnar og saltið til þeirra, og með því gjört það að verkum að það komst ekki til Siglufjarðar fyrir en í lok sildveiðatímans, en gegn mótmælum stefndu verður þessi uppsagnarástæða heldur eigi tekin til greina, þegar af þeirri ástæðu, að áfrýjendur hafa ekki sýnt fram á, að þetta skip hafi orðið fyrir nokkrum óvenjulegum töfum vegna hernaðarráðstafana, og þótt skipið hefði verið tafið í för sinni hingað um fleiri eða færri daga, þá getur þetta ekki réttlætt uppsögnina á samningnum, því að orð hans hljóða beint um aðflutningsbann á tunnum og salti. En þá hafa áfrýjendur haldið því fram að frá því seint í júlímán. hafi Bretar faktiskt hindrað allan aðflutning hingað til lands á tunnum og salti, með því að halda skipum, er slíkar vörur fluttu, kyrrum í brezkum höfnum, þótt banninu hafi ekki verið beinlínis lýst. En þetta er ekki sannað í málinu, og í annan stað er það vitanlegt að það er ekki rétt að um alment faktiskt bann hafi verið að ræða, en það eitt virðist geta komið til álita gagnvart orðum samningsins, að flutningur á þessum vörum væri hindraður eða bannaður almennt, en ekki hitt þótt eitthvert einstakt skip eða skip einnar þjóðar eða til nokkurra einstakra manna hafi verið tept um tíma á ferð sinni hingað. Það verður því ekki séð, að áfrýjendur hafi haft lögmætar ástæður til að segja sig lausa frá samningnum.

Þá kemur til álita hvort sild sú, er stefndu seldu þeim Brobakke og Söbstad, hafi öll verið samningsleg vara, söltunarhæf sild, sem þeir hafi haft rétt til að

færa áfrýjendum til reiknings fyrir 15—16 kr. hvert mál. Þessu neita áfrýjendur eindregið að halda því fram, að samkvæmt samningnum hafi stefndu borið að láta sildarmatsmann skoða og meta sildina, en það hafi þeir vanrækt af þeirri ástæðu, að ekkert af sild þessari hafi verið söltunarhæf og sje þessi sild því ranglega færð þeim til reiknings. Stefndu halda því hins vegar fram, að þeim hafi engin skylda borið til að annast um að síldin væri metin, að áfrýjendur hafi verið nægilega aðvaraðir um að gæta hagsmuna sinna, þar sem þeir hafi þegar í stað fengið tilkynningu um að síldinni yrði ráðstafað fyrir þeirra reikning og á þeirra ábyrgð; hafa stefndu auk þess leitt hásetana af mótorbátnum sem vitni og bera þeir það að báturinn hafi aldrei verið lengur úti í einni veiðiferð en 9 kl.stundir, utan einu sinni 19 stundir, og hafi síldin öll verið óskemd nema ef til vill í þetta eina sinn. Vitnisburðum hásetanna hafa áfrýjendur mótmælt sem vilhóllum vegna þess að vitnin hafi verið ráðin upp á hlutdeild í afla.

Síld þessi seldist á 5—6 kr. málið, en af þessu verður ekki ráðið hvort síldin var góð og gallalaus vara, með því að það verður að teljast nægilega upplýst í málinu að ekki var hægt að selja síld á Siglufirði ósamningsbundið fyrirfram hærra verði en umrædd síld var seld sökum almenns skorts á tunnum og salti, og varð þá að selja síldina því verði, sem bræðsluhúsin vildu gefa, hvort sem hún var söltunarhæf eða ekki. — Af samningnum verður það ekki dregið, að stefndu hafi borið skylda til að sjá um að síld þessi yrði metin. Áfrýjendur höfðu skuld-

bundið sig til þess að kaupa allan afla bátsins, og eftir því sem fram er komið í málinu hefir öll sildin af »Hurry« þar til samningnum var sagt upp, verið söltunarhæf, og það er ekkert fram komið í málinu er sanni það að veiðiskap hafi verið hagað öðru vísi eftir samningsuppsögnina en áður, eða að sildin hafi verið orðin eldri en áður hafði verið, þegar hún kom að landi. Það virðist því vera ástæða til að ætla að sildin hafi verið lík að gæðum, þegar að landi var komið eins og hún hafði verið áður en áfrýjendur sögðu upp samningnum. Þó má telja það upplýst að um 70 mál, er báturinn aflaði í eitt skifti hafi ekki verið söltunarhæf sild, en út frá þessu tilfelli er ekki hægt að álykta neitt um gæði sildarinnar í önnur skifti.

Með því áfrýjendur höfðu fengið næga aðvörun um að gæta réttar síns, og þeir höfðu skuldbundið sig að kaupa allan sildarafa bátsins, en það er þeirra hagur að fá það ákveðið hve mikið af aflanum var úrgangssild, virðist rétt að ganga út frá því, að sildin hafi verið söltunarhæf nema að svo miklu leyti, sem hið gagnstæða er upplýst, en það má telja um umgetin 70 mál.

Samkvæmt þessu verður að álíta að stefndu geti fært áfrýjendum til reiknings af sild þeirri, er seld var Brobakke og Söbstad, $880\frac{1}{2}$ mál af söltunarhæfri sild og 70 mál af úrgangssild. Sú málatala, er áfrýjendur verða að greiða er þá $1595\frac{1}{2}$ mál á 15 kr. málið, með því að stefndu hafa ekki gegn mótmælum áfrýjenda sannað að hærra verðið, 16 kr., hafi verið

sérstaklega umsamið, og 70 mál af úrgangssild og virðist hvert mál af þeirri sild hæfilega sett á 5 kr.

Tafir þær við afgreiðslu skipsins og þar af leiðandi aflatjón, sem stefndu hafa krafist bóta fyrir, hafa þeir ekki fært sönnur á, og verður því krafa þeirra, er að þessu lýtur, ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu verður yfirlit yfir viðskifti málsaðila þannig:

1595 $\frac{1}{2}$ mál af sild á 15 kr.	kr. 23932 50
70 mál af úrgangssild á	
5 kr.	— 350 00
	<hr/> kr. 24282 50

Þar upp í greitt sam-

kvæmt reikningi stefndu kr. 21317 00

Andvirði salts — 135 00 kr. 21452 00

Mismuninn kr. 2830 50

þer að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu með 6% ársvöxtum frá 19. okt. 1916 til greiðsludags, en að öðru leyti skulu málsaðilar sýknir hvor af annars kröfum.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í aðalsök og gagnsök bæði fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendurnir, Páll Magnússon, Runólfur Stefánsson og Sigurður Jónsson, einn fyrir alla og allir fyrir einn, greiði stefndu, Guðmundi B. Kristjánssyni, Pétri P. J. Gunnarssyni og Þórði Guðmundssyni 2830 kr. 50 au. með 6% ársvöxt-

um frá 19. okt. 1916 til greiðsludags, en að öðru leyti eiga málsaðilar að vera sýknir hvor af annars kröfum.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fyrir báðum réttum falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 1. júlí 1918.

Nr. 14/1918.

St. Stephensen
gegn
hreppsnefnd Glæsibæjar-
hrepps.

D ó m u r :

Mál þetta er risið út af aukaútsvari, er stefnda, hreppsnefndin í Glæsibæjarhreppi, lagði á áfrýjanda, St. Stephensen, árin 1914 og 1915 fyrir afnot jarðarinnar Bændagerðis í nefndum hreppi; krafðist hreppsnefndin þess, að aukaútsvarið væri tekið lögtaki hjá áfrýjanda með því að hann greiddi það eigi góðviljuglega. Um þessa kröfu, sem mótmælt var af áfrýjanda, kvað fógetaréttur Eyjafjarðarsýslu hinn 13. september f. á. upp svofeldan úrskurð, að hin umbeðna lögtaksgjörð skuli njóta framgangs. Þess-